










SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA OG REIKNINGAR

35. Siglingaþing
8. mars 2008



SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöð Laugardal, 104 Reykjavík
Sími: 514-4210 Fax: 514-4001
E-mail: sil@isisport.is



Efnisyfirlit

Dagskrá Siglingaþings

Fulltrúar héraðssambanda

Skýrsla formanns

Skýrslur:

**Norrænt samstarf
Skemmtibátaskírteini
Að sigla og róa
Kayakklúbbinn**

Úrlsit móta

Lög SÍL

Ársreikningur 2007

Skýrsla 35. Siglingaþings gerð í mars 2008

Umbrot og hönnun Úlfur H. Hróbjartsson

Höfundar efnis
Úlfur H. Hróbjartsson
Niels Chr. Nielssen
Pétur Th. Pétursson
Páll Gestsson

Prentun
Skrifstofa ÍSÍ

Dagskrá 35. siglingaþings

Haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

8. mars 2008

1. Formaður setur þing.
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.
3. Kjörinn þingforseti.
4. Kjörnir 1. og 2. þingritari.
5. Kosning þingnefnda:
 - a. Fjárhagsnefnd 3 manna.
 - b. Laga- og leikreglnanefnd 3 manna.
 - c. Allsherjarnefnd 3 manna.
6. Lögð fram skýrsla stjórnar.
7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
8. Umræður og samþykkt reikninga.
9. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
10. Lagabreytingatillögur.
11. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði.
12. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.
13. Þingnefndir starfa
14. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.
15. Tillögur fjárhagsnefndar
16. Kosningar:
 - a. Stjórn og varastjórn, sbr 9. gr.
 - b. 2 skoðunarmenn.
 - c. Fulltrúa á íþróttaping í samræmi við reglur ÍSí samkvæmt iðkenda fjölda síðastliðins starfsárs.
17. Þingslit.

Fulltrúa á 35. siglingaþingi

Fulltrúafjöldi héraðssambanda:

Héraðssamband	Iðkendum	Fulltrúar
Íþróttabandalg Reykjavíkur Brokey, siglingafélag Reykjavíkur Kayakklúbbur Reykjavíkur	505	13
Ungmennafélag Kjalarnesþings Siglingafélagið Ýmir	230	7
Íþróttabandalag Akureyrar Siglingafélagið Nökkvi	49	3
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar Siglingaklúbburinn Pytur	430	11
Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu Siglingadeild Snæfells	1	1
Héraðssamband Vestfjarða Siglingafélagið Sæfari	157	6
Alls	1.372	41

Stjórn SÍL Kjörin á 34. siglingaþingi

Formaður:	Úlfur H. Hróbjartsson
Varaformaður:	Niels Chr Nielsen
Ritari:	Kristín Pálsdóttir
Gjaldkeri:	Gunnar Hallsson
Meðstjórnandi:	Egill Kolbeinsson
Varastjór:	Þorsteinn Guðmundsson
Varastjór:	Pétur Th. Pétursson
Varastjór:	Rúnar Þór Björnsson
Heiðursformaður:	Ari Bergmann Einarsson



Ávarp Formanns



Ágætu félagar.

Ég býð ykkur velkomin til 35. Siglingaþings.

Á árinu féll frá Einar S. Ólafsson fyrverandi formaður SÍL. Einar keppti lengi vel á seglbát sínum Stjörnunni. Ég vil biðja fundarmenn um að rísa úr sæti til að minnast hans.

Nokkrar breytingar urðu á stjórn

Siglingasambandsins á síðasta Siglingaþingi. Undirritaður tók við sem formaður stjórnar og Kristín Pálsdóttir tók við starfi ritara.

Stefna sambandsins er þó enn sú sama og áður, að leggja megináherslu á uppbyggingarstarf. Ljóst er að mikla vinnu þarf til að byggja upp og halda öflugum félagsstarfi gangandi. Stærsti hluti af þeirri vinnu sem til þarf kemur frá stjórnunum siglingafélaganna, sem flest hver búa við lélega aðstöðu og eiga við ramman reip að draga í samkeppninni við aðra afþreyingu og íþróttir. Eigi að síður hefur verið unnið gríðarlegt og gott starf í félögunum til að kynna og kenna börnum siglingar og róður. Má ætla að á annað þúsund börn hafi á síðasta ári farið á flot hjá siglingafélögum og sveitarfélögum. En einhverra hluta vegna hefur reynst erfitt að halda þessum börnum á sjó.

Þetta er ekki eina vandamálið sem blasir við siglingafélögunum. Aðstaða fyrir fullorðna er líka af skornum skammti, hvort heldur sem menn vilja sjósetja kayak eða geta lagt skútu sína að bryggju. Gríðarleg aukning hefur orðið í skemmtibátaveign þjóðarinnar og allar bryggjur orðnar yfirfullar. Sjórin er að breytast úr vinnusvæði í útivistarsvæði en því miður hafa yfirvöld ekki enn áttað sig á þeirri breytingu. Sést það best á viðhorfi þeirra til þarfa siglingafélaga um land allt.

Ný félög á árinu

Formaður sótti heim Húsavík á árinu þar sem í undirbúningi er stofnun siglingafélags með aðstoð Siglingafélagsins Nökkva á Akureyri. Nökkvi hefur haldið regluleg námskeið á Húsavík og vilja þeir nú gjarnan koma starfinu í fastan farveg.

Málin eru lengra komin á Neskaupstað þar sem stofnaður hefur verið Kayakklúbburinn Kaj, félagar eru um 50 talsins. Því miður er aðild Ungmenna- og íþróttasambands austfjarða eða UÍA að SÍL ófrágingin þannig að Kaj er ekki enn fullgildur aðili að SÍL.

Kænustarf

Á síðasta ári var kænustarfið óvenju gróskumikið og verður hér aðeins tiplað á því helsta.

Með vorinu hóf siglingaklúbburinn Þytur í Hafnarfirði tilraun þar sem öllum 11 ára börnum í grunnskólum bæjarins var boðið að koma í hálfan dag til að kynna starfsemi klúbbsins og skella sér á sjó. Mjög mikil ánægja var með tiltækið á meðal barnanna og kennara þeirra. Fyrir vikið varð gríðarlega ásókn í sumarnámskeið Þyts og þurfti ekki að auglýsa eitt einasta námskeið. Undirritaður varð þeirrar ánægju aðnjótandi að taka á móti nokkrum bekkjum og kynna fyrir þeim

siglingar og vill benda sérstaka á skýrslur Péturs Th. Péturssonar um verkefnið.

Siglingasambandið sendi 7 keppendur á smáþjóðaleikana í Mónakó á síðasta ári. Litill vindur var í Mónakó og mikil alda, nokkuð sem við erum óvön hér á Íslandi. Eigi að síður var árangur ásættanlegur. Bestum árangri náðu þau Birte Gunnarsson á Optimist og Valgeir Torfason á Laser Radial.

Æfingabúðir í Hrísey voru á sínum stað og var fjöldi þátttakanda þar viðs vegar að af landinu. Þeim lauk að venju með Eimskipafélagsmótinu. Óvenju hvasst var á mótinu og máttu keppendur hafa sig alla við. Þjálfari var Tryggvi Heimisson.

Íslandsmeistaramót á kænnum var einnig á Norðurlandi. Til Akureyrar mættu 38 börn og þar af 6 frá Brokey sem þótti til tíðinda, þar sem kænustarf Brokeyjar hefur átt við ramman reip að draga undafarin ár.

Úrvalshópurinn hélt utan á haustmánuðum og sótti æfingabúðir hjá Laser í Weymoth á Englandi.

Kjölbátastarf

Alls voru 15 skútur með IRC forgjöf á Íslandi síðastliðið sumar. Keppnishald var með hefðbundnu sniði. Hafnfríðingar tóku sig til og héldu tvíliðakeppnir og bendir allt til þess að þeir munu halda því áfram á næsta sumri.

Mikil vinna hefur farið í undirbúning nýrra laga um réttindi til stjórnunar skemmtibátum. SÍL hefur í samstarfi við Kjölbatasambandið og Snarfara unnið að hagsmunamálum skemmtibátaveigenda. Einnig var fundað stíft með Siglingastofnun Íslands til að gæta hagsmuna skemmtibátaveigenda, bæði í reglugerð sem fylgir nýjum lögum svo og undirbúning námskrár fyrir stjórnendur skráningarbærra skemmtibáta.

Alþjóðlegt samstarf

Vorfundur Norræna siglingasambandsins var haldinn í Reykjavík síðastliðið vor og tókst ágætlega til. Í haust sótti síðan formaður SÍL aðalfund Norræna sambandsins í Oslo og síðar aðalfund ISAF í Estoril í Portugal ásamt Páli Hreinsyni, nefndarmanni í Regional Games Committee.

Útgáfa

Á árinu var unnið að framhaldsútgáfu bókarinnar "Byrjaðu að sigla" og nefnist hún "Sigldu betur" einnig var klárud Logbók fyrir unga siglinganema. Báðar bækurnar koma út á vormánuðum 2008.

Starfsmaður

Alli síðastliðið ár var leitað að starfsmanni og sannast sagna gekk leitinn illa þar til rétt undir jól að haft var upp á Margréti Björnsdóttur sem ráðin var framkvæmdastjóri SÍL. Margrét er í hálf dags starfi hjá siglingasambandinu og hóf störf í janúar 2008. Hún hefur tengst íþróttinni frá unga aldri með hléum og er fyrrverandi formaður Siglingafélagsins Ýmis í Kópavogi. Ráðning starfsmanns til SÍL var orðin löngu tímabær enda af nógu að taka í starfsemi.

Að lokum

Siglingasambandið er ekki bara sérsamband þeirra sem sigla á skútum heldur er það einnig sérsamband þeirra sem stunda róður. Kayakmenn hafa verið afar sjálfstæðir undanfarin ár og er það gott en á sama tíma vil ég benda þeim á að Siglingasamband Íslands er til einnig til fyrir þá og má vel gera meira til aðstoðar við kayaksiglingar á Íslandi.

Að lokum langar mig til þess að þakka öllum þeim sem við höfum fengið að starfa með á síðasta ári og þá sérstaklega þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem lagt hafa siglingum lið á síðasta ári. Ég vil minna okkur öll á að við erum að þessu til að hafa gaman af hvort heldur sem við erum á floti eða að sinna félagsstarfi.

Fyrir hönd stjórnar,

Úlfur H. Hróbjartsson
formaður SÍL

Norræna siglingasambandið 2007

Vorfundur Norræna siglingasambandsins (SKSF) var haldinn í Reykjavík á vormánuðum. Fundinn sóttu fyrir hönd SÍL, Kristín Pálsdóttir og Úlfur H. Hróbjartsson.

Á fundinum var samþykkt tillaga um að sambandið stæði fyrir hönnun á nýjum báti sem leysa myndi Nordisk Folkebát af hólmi.

Fundarmenn voru ánægðir með fundinn og umgerð hans. Meðal efnis var undirbúningur nýs báts sem væri rökrétt framhald af hinum trausta Nordisk Folkebát.

Nefskattur af hverjum nýjum slíkum bát mun renna til Norræna sambandsins.

Komandi Olympíuleikar í Kína og hálfársfundur ISAG voru einnig ofarlega á dagskrá.

Aðalfundur Norræna sambandsins var haldinn í Oslo síðastliðið haust.

Á fundinum voru fulltrúar allra þeirra landa sem mynda hóp G innan ISAF, oft nefndur Skandinavíska mafían. Helstu umræðuefni fundarinnar var fyrirkomulag siglinga á Olympíuleikunum 2012. Nú er keppt í ellefu flokkum en þarf að fækka þeim um einn fyrir Ól 2012.

Flestir voru á því að skiptingin yrði sex flokkar karla og fjórir flokkar kvenna en fyrir liggur tillaga frá svíum að skiptingin verði fimm og fimm. Fundarmenn voru almennt á því að réttlátast væri að skipta flokkunum í 5&5 en því miður væri þátttaka kvenna í íþróttinni ekki næg til að réttlæta slíka skiptingu og að öllum líkindum kæmi það niður á gæðum þátttakenda. Þátttökulutfall í DK er u.þ.b. 8 karlar á móti hverjum 2 konum.

Rætt var um sameigilega forgjöf fyrir Norðurlönd en ljóst er að DK mun halda sig við sína eigin. Hin norðurlöndin eru aftur á móti opin fyrir að sameinast í Scandily forgjöf. Formaður hefur óskað eftir nánari upplýsingum um forgjöfina. Forgjöfin virkar að mestu rafrænt og geta umsækjendur einfaldlega fyllt út eyðublað á netinu og síðan fengið sent forgjafarskírteini.

Haldið verður áfram með hugmyndavinnu að nýjum bát fyrir SKSF og verða Stig Hvide Smith frá Noregi og Kjell Björking frá Svíþjóð í forsvari fyrir því. Hugmyndir uppi um að hægt verði að kaupa bátinn á mismunandi stigum og klára hann sjálfur. Verð skal vera undir 60000 Euro.

Rætt var um sameiginlegt átak í öryggiskennslu og að koma á fót námskeiðum sem uppfylla kröfur ISAF um öryggi við úthafssiglingar.

Fyrirkomulag Norðulandamóta var til umræðu en erfitt reynist að fá klúbba til að halda þau mót. Mótin virðast passa illa inn í keppnisáætlanir og leita þarf lausna til styrkja þau í sessi.

Utan funda er margt rætt og tækifæri fyrir lítil siglingasambönd eins og okkar til að kynna nágrönum okkar betur og læra af þeim. Meðal þeirra upplýsinga sem fram komu eru að á norðurlöndum eru haldnar sameiginlegar æfingabúðir fyrir Laser. Sennilega reynist erfitt að komast að í þessum búðum á næstunni nema með skýr ÓL markmið að leiðarljósi.

Einnig notaði undirritaður tækifærið og forvitnast um norrænar reglugerðir um réttiindi til siglinga skemmtibáta.

Í Danmörku eru ekki gerðar neinar hæfniskröfur til þeirra sem eru á seglbátum og hægfara hraðbátum, (þeim sem ekki plana). Ástæðan er sú að um 90% þeirra sem stjórna seglbátum og hægfara hraðbátum hafa sótt námskeið og menntun sem þykir fullnægjandi til að stjórna slíkum bátum. Sem stendur miðast löggjöf um skírteini við báta sem eru hraðsskreiddir og geta valdið tjóni. Þar er þeim þó ljóst að brátt verði komið á löggjöf um alla báta.

Í Noregi er verið að setja lög um skemmtibátaskírteini. Þau lög ganga ekki eins langt og ICC og eru margir meðal siglingamanna óánægðir með þá ákvörðun.

Í Noregi hafa komandi lög um skemmtibátaskírteini leitt til samstöðu Siglingasambandsins og félags mótorbátáeigenda sem sækjast nú eftir inngöngu í sambandið. Undirbúningur að þeirri sameiningu er hafinn.

Úlfur H. Hróbjartsson
formaður SÍL

Skemmtibátaskírteini

Ný lög um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa:

Þann 1. janúar tóku í gildi ný lög um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa (Nr. 30. 2007). Lögin eru heildarendurskoðun tvennra eldri laga, þ.e. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna svo og atvinnuréttindi vélstjóra.

Í athugasemdum með frumvarpinu er m.a. tekið fram að “engar kröfur hafa fram til þessa verið gerðar til þeirra sem stjórna skemmtibátum hér við land. Í ljósi þess að skemmtibátum hefur fjölgað mikið, þeir stækkað og vélarafi þeirra aukist og þar sem erlendis eru víða gerðar kröfur um lágmarksbekkingu og færni við stjórnun skemmtibáta, er í frumvarpinu lagt til það nýmæli að stjórnendum skemmtibáta verði gert skylt að afla sér grunnþekkingar á öryggisþáttum sem tengjast siglingum og skipstjórn og að þeir þurfi að hafa gilt skipstjórnarskírteini (skemmtibátaskírteini). Með skemmtibátum er í frumvarpinu átt við þau skip sem skrásett eru sem skemmtiskip samkvæmt lögum um skráningu skipa. Gert er ráð fyrir að kröfur um menntun og þjálfun til að mega stjórna skemmtibát af tiltekinni stærð og með tiltekið vélarafi verði tilgreindar í reglugerð”.

Krafan er að menntun og þjálfun nái til skipa og báta sem eru skráningarskyldir samkvæmt lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa, þ.e. sem eru 6 metrar eða lengri stafna á milli. Jafnframt er gert ráð fyrir heimild samgönguráðherra til að setja reglur um þá skemmtibáta sem ekki eru skráningarskyldir en hafa vélarafi sem er meira en 50 kW (ca 70 hestöfl). Með vísan til öryggissjónarmiða og vegna talsverðrar aukningar aflmikilla báta af þessu tagi (minni en 6 metrar að lengd) er talið að þörf geti skapast til að gera kröfur til stjórnenda slíkra báta.

Í 7. grein frumvarpsins segir:

- Sá einn sem er lögmaður handhafi skemmtibátaskírteinis til stjórnunar skráningarskylds skemmtibáts hefur rétt til að annast stjórn hans að uppfylltum skilyrðum sem samgönguráðherra setur um aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn. Menntamálaráðuneytið setur reglur um menntun og þjálfun til stjórnunar skemmtibátum.
- Samgönguráðherra setur nánari reglur um skemmtibáta, þ.m.t. um útgáfu skírteina, gildistíma og endurnýjun þeirra, gerð skemmtibáta, stærð þeirra, afl og farsvið og um öryggiskröfur sem gerðar eru til skemmtibáta og stjórnenda þeirra.
- Samgönguráðherra er heimilt að setja í reglugerð kröfur skv. 1. og 2. mgr. um stjórn skemmtibáta sem ekki eru skráningarskyldir en hafa vélarafi sem er meira en 50 kW.
- Þeir sem stjórna skemmtibátum sem skrásettir eru erlendis og notaðir eru í íslenski landhelgi að staðaldri skulu uppfylla kröfur reglugerðar skv. 1.–3. mgr. um skírteini eða vera handhafar annars sambærilegs erlends skírteinis að mati Siglingastofnunar Íslands.

Siglingastofnun hefur unnið að samningu reglugerðar um nám til skírteinis til stjórnunar skemmtibáta auk þess sem unnið hefur verið að drögum um námsskrá. Þessi vinna hefur verið unnin í samráði við hagsmunaaðila, m.a. SÍL, Snarfara og fleiri. Þegar þetta er skrifað hafa reglugerðirnar ekki enn verið gefnar út en vel gengur með samningu þeirra.

Helstu atriði reglugerðar um námið eru:

Miðað er við að skemmtibátur sé styttri en 24 metrar að skráningarlengd.

Rætt er um þrenns konar réttindastig:

- a) Strandsigling og sigling á takmörkuðu hafsvæði
 - b) Sigling á ám, vötnum og vatnaleiðum innan Evrópu
 - c) Úthafssiglinga, þ.e. sigling án farsviðstakmarkana
- Námsskráin er miðuð við að námið sé sambærilegt við útgáfu alþjóðlegs skemmtibátaskírteinis (ICC- skírteini).

Náminu er skipt í tvennt: Annars vegar bóklegt nám sem allir taka. Hins vegar er verklegt nám sem er einnig tvískipt, annaðhvort taka menn próf á seglbát eða vélbát.

Grunnprófið gildir fyrir strandsiglingar, en vilji menn bæta við sig vatnaleiðaprófi eða úthafsprófi, þá er gert ráð fyrir að það verði bóklegt viðbótarnám.

Þær vinnuhugmyndir sem eru um námið eru ekki ólíkar og hugmyndum um bilpróf. Kennari skal fullnægja námskrá menntamálaráðuneytis um námið og halda próf með prófdómara sem fengið hefur vottun siglingastofnunar. Það verður þó ekki gerð krafa um að viðkomandi hafi farið í formlegt námskeið, aðeins að hann mæti í próf og standist það. Siglingastofnunin mun gefa út skírteinið.

Námsskráin:

a) Bóklegt nám.

Siglingastofnun er að vinna að gerð námsskrár sem menntamálaráðuneytið mun gefa út. Grunnurinn að námsskránni er að hluta sóttur í ICC skírteini frá RYA og að einhverju leiti er stuðst við norska kennsluskrá. Farið verður yfir siglingalög og almennar umferðarreglur á sjó. Krafið verður þekkingar á almennum umferðarreglum á sjó, á siglingaljósum, sjómerkjum og á vitum verða menn að kunna skil á. Farið verður yfir meðferð öryggisbúnaðar. Að sjálfsgöðu verða menn að kunna að nota sjókort og kunna á og skilja áttavita. Fleira mætti telja til en það eru allt atriði sem sjálfsagt er að allir kunni sem stjórna skipi. Sérstaklega verður farið í notkun fjarskiptatækja, eldvarnir svo og verður skyndihjálp kennd.

Á bóklegu námskeiði um úthafspróf verður farið ítarlegar í siglingafræði, GPS tæki, notkun radars og sextants. Kennd verður gerð siglingaáætlaða svo eitthvað sé nefnt. Fyrir próf til réttindi á ám og vötnum verður farið sérstaklega í CEVINI reglur um leiðsögumerki og umferð um skipaskurði og vötn.

b) Verklegt próf.

Í verklega prófinu þarf umsækjandi að geta sýnt að hann hafi fulla stjórn á bátnum við þær aðstæður sem prófið fer fram við. Báturinn skal vera lengri en 7 metrar og vindur meiri en 4 m/sek. Umsækjandi má hafa með sér tvo aðstoðarmenn og má annar þeirra vera prófdómari. Aðstoðarmennirnir mega ekki veita umsækjanda neina aðstoð að öðru

leiti en því að framkvæma fyrirmæli hans. Nokkur atriði sem farið er í:

- Viðhald og rekstur
- Ræsing og stjórn á vél- og framdriftsbúnaði. Viðbrögð við bilun
- Gera sjóklárt: eftirlit með björgunar og öryggisbúnaði, veðurspár o.s.frv.
- Brottför úr höfn, notkun á spring, samskipti um borð, friholt
- 360° snúningur
- Notkun legufæra, lagt að bóli og þessháttar
- Maður fyrir borð
- Stjórn tók seglskipa eða vélskipa eftir því sem við á

Þessi skrif eru aðeins lauslegt yfirlit yfir námsefnið. Núna eru á íslenski skipaskrá um 400 skemmtibátar og eru flestir þeirra um 5–30 brúttótonn en allir undir 65 brúttótonnum.

Það krefst kunnáttu og þekkingar að stjórna skemmtibát eins og öðrum bátum. Því er nauðsynlegt að þeir sem stjórna slíkum bátum hafi til þess þá lágmarksþekkingu sem krafist er af öðrum sem sigla við Íslandsstrendur og nauðsynleg er til að fyllsta öryggis sé gætt. Mistök og vanþekking geta haft alvarlegar afleiðingar, svo sem valdið tjóni, jafnt á skemmtibátum sjálfum sem öðrum skipum og umhverfi, auk meiðsla á fólki eða jafnvel banaslysum í alvarlegustu tilvikunum. Við skulum því leggja fram okkar skerf til að tryggja að innleiðing þessara laga og reglugerða gangi eins vel fyrir sig og framast er kostur.

Niels Chr. Nielsen
varaformaður SÍL

Komdu með að sigla og róa

Tilraunaverkefni

Kynning á siglingastarfi Siglingaklúbbsins Þyts í Hafnarfirði fyrir 11 ára börn.

Vorið 2007 stóð Siglingaklúbburinn Þytur fyrir kynningu á siglingum fyrir nemendur sjöttu bekkja í Hafnarfirði.

Hugmyndin að verkefninu var sótt í heftið "Sailing Across the Curriculum", kaflann „Introducing Sailing To Schools“ bls. 26.

Pétur Th. mótaði grófa dagskrá fyrir 3 klst. kynningu og kynnti hana fyrir formanni félagsins sem tók vel í hugmyndina, með fyrirvara um að hægt yrði að manna hana.

Haft var samband við skólastjóra allra grunnskólanna, kannað viðhorf þeirra til hugmyndarinnar, bekkjarfjölda í árgangnum og nemendafjölda í hverjum bekk. Auk þess var þreifað á hvaða tími hentaði best fyrir hvern skóla eða bekk. Í ljós kom að um var að ræða 19 bekki, hver með nemendafjölda upp á 20 til 26 nemendur. Samtals 440 nemendur. Skólastjórnir tóku hugmyndinni undantekningarlaust vel og þegar það lá fyrir hófst formaður félagsins handa við að tryggja mönnum kynningarinnar.

Pétur Th. tók að sér að útbúa boðsgögn og nánari dagskrá fyrir kynningarnar ásamt því að bóka tíma fyrir hvern bekk.

Skemmst er frá að segja að verkefnið tókst frábærlega vel.

Meðal efnis var kynning á klúbbnum og siglingum allmennt, kynning á öryggisreglum, nauðsyn þess að vera meðvitaður um vindátt og vindstyrk, umgengni við báta, útbúnaði þeirra og viðhaldi og mikilvægi þess hafa skilning á hættum í umhverfinu og að sýna hjálpssemi í verki. Auk þess fengu nemendur forsmekk af siglingum á kajak, Optimist og Tópas allt eftir fyrri reynslu og kunnáttu hvers og eins.

Þess var gætt að einn fullorðinn félagsmaður stjórnaði móttökunni og minnst tveir reyndir gæslumenn væru til staðar, annar úti á gæslubát og hinn í landi. Gert var ráð fyrir að kennari kæmi með hverjum hópi og að hann tæki þátt í gæslustarfinu, aðstoðaði við sjósetningu og móttöku þegar nemendurnir komu af eða úr sjónum til að fá sér kakó og kex og tókst það í öllum tilvikum nema tveimur af níttján.

Svæðið var afmarkað mjög skýrt fyrir þá sem voru bara að róa en þeir sem treystu sér til að sigla á Optimist seglkænu fengu að fara aðeins útfyrir það svæði. Nemendum bauðst síðan að fara í sturtu ef þeir blotnuðu verulega.

Í lok dagsins var nemendum kynnt hvaða námskeið væru í boði á vegum klúbbsins um sumarið.

Niðurstaða:

Kynningin tókst afar vel og fylltust öll námskeið sumarsins nánast strax.

Helst vantaði á að fylgja þessu eftir með afhendingu þátttökuskjals sem þátttakendur gætu sett upp á vegg hjá sér og minnti þá á sumar- og vetrarstarf félagsins og hvernig má skrá sig í það.

Einnig má sjá fyrir sér að slíkri kynningarheimsókn sé fylgt eftir af umsjónarkennaranum með frásögn af ferðinni og skemmtilegum verkefnum.

Útdráttur úr skýrslu Péturs Th. Péturssonar

Úr ársskýrslu Kayakklúbbsins

Almennt um félagið

Í lok ársins voru félagar 411 og voru nýskráningar 61.

229 stóðu í skilum á félagsgjöldum en 223 árið 2006.

Félgsmenn greiddu fyrir geymslu á 115 bátum en 99 árið 2006.

Æfingar og námskeið

Sundlaugaæfingar hafa verið á sunnudögum yfir veturinn og er aðstaðan og framkvæmd á æfingunum til fyrirmyndar.

Reglubundinn sjóróður var á laugardagsmorgnum yfir veturinn en á fimmtudagskvöldum á sumrin. Félagsróður fyrripartinn í vetur hefur verið frekar erfiður vegna tíðarfars en það hefur þó ekki komið í veg fyrir að yfirleitt er farið.

Formlega er bannað að róa í Elliðaánum og veldur það vissri óvissu og eins er keyrslutíminn á virkjuninni orðinn óheppilegri en var fyrir nokkrum árum.

Félagsfundir og fréttamiðlar

Ný heimasíða var sett í loftið á árinu og hefur verið almenn ánægja með hana. Fréttabréf Kayakklúbbsins kom út á vormánuðum eins og venja er til. Varla hægt að tala um fréttabréf lengur þar sem þetta rit hefur þróast í að vera ársrit sem hefur líftíma alveg fram að næstu útgáfu og er frábært kynningarrit á starfi klúbbsins.

Tveir fræðslufundir voru haldnir síðasta vetur. Haraldur Ólafsson hélt fyrirlestur um veðurfar á Íslandi og kynnti einnig veðurspásiðu sem hann er í forsvari fyrir og við kayakmenn þekkjum vel www.belgingur.is.

Á síðari fundinn kom Mikael Róbert Ólafsson og hélt fyrirlestur um ofkælingu.

Góð mæting var á báða þessa fundi og var almenn ánægja með þá.

Skemmtanir

Skemmtinefndin stjórnaði árhátíð félagsins af myndarskap en engin uppskeruhátíð var á haustdögum eins og tíðkast hefur.

Almennur róður

Yfir vetrartímann eru félagsróðrar frá Geldinganesi mest áberandi en í fyrrasumar voru hefðbundnar ferðir; vorferð í Galtarlæk í byrjun júní og sjókayakmót Eiríks-Rauða í Stykkishólmi. Jónsmessunótt í Hvammsvík, Norðurland í júní, tvær ferðir í Breiðafjörð, ásamt ótal minni og stærri ferða félagsmanna bæði á sjó og í ár.

Keppnir

Í straumnum voru þrjú mót, Elliðaár-Rodeo, Tungufljót X-treme race og Galtaleikarnir.

Á sjókayak var keppt til Íslandsmeistara í Reykjavíkurbikarnum, Stykkishólmi, Ísafirði og Hvammsvíkurmaraboni. Auk þess var keppt um Bessastaðabikarinn og vonandi festist sú keppni í sessi sem einn af viðburðum keppnisumarssins.

Aðstaða félagsins

Félagið hefur aðstöðu í innisundlauginni í Laugardal fyrir sundlaugaræfingarnar. Hægt er að geyma báta sem notaðir eru í lauginni í kjallaranum undir sundlauginni. Eins er geymslupláss fyrir straumbáta í gömlu útibúningsklefunum.

Í Nauthólsvík leigir félagið aðstöðu af Brokey, þar er pláss fyrir

35+20 báta. Á Geldinganesinu er nú geymslupláss fyrir 100 báta ásamt félagsaðstöðu með vatni og rafmagni. Lítið hefur gengið í skipulagsmálum Geldinganessins og því ljóst að klúbburinn þarf að leita leiða til að brúa bilið þar til svar fæst um hvort við fáum framtíðaraðstöðu í Veltuvíkinni svokölluðu.

Núna er helst lítið til þess að fá að setja niður sumarbústað eða þesshátar byggingu við gámana þar sem gætu verið almennilegir upphitaðir búning-sklefar og setustofa.

En það verður verk nýrrar stjórnar að taka ávörðun um það.

SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS



Úrslit 2008

Opnunarmót kæna



Opinn flokkur

Sæti	Bátur	Keppandi	Félag	K1	K2	K3	K4	Samtals	Nettó
1	Laser Radial	Nils Daníelsson	Pytur	1	-2	2	1	6	4
2	Laser 4,7	Andri Rafn Helgason	Pytur	-3	1	1	3	8	5
3	Laser Radial	Jón Vignir Daníelsson	Pytur	2	-3	3	2	10	7
4	Laser 4,7	Aron Þór Hermannsson	Pytur	(DNC)	DNC	DNC	DNC	20	15

Optimist

Sæti	Bátur	Keppandi	Félag	K1	K2	K3	K4	Samtals	Nettó
1		Aron Steinn Guðmundsson	Ýmir	1	-3	2	1	7	4
2		Kristján Daði Ingþórsson	Pytur	-3	1	1	2	7	4
3		Helgi Freyr Ólafsson	Ýmir	2	2	3	(6.0 DNF) 13	7	7
4		Hermann Karl Björnsson	Pytur	-4	4	4	3	15	11
5		Aðalsteinn Ingi Helgason	Pytur	(DNC)	DNC	DNC	DNC	24	18

Landsmót UMFÍ



Topper Topaz:

1. sæti	Aron Steinn Guðmundsson og Helgi Freyr Ólafsson,	UMSK
2. sæti	Dagur Daníelsson og Hjalti Þór Ísleifsson,	IBA
3. sæti	Gunnar Úlfarsson og Veigar Jónsson,	IBA

Kayak, 10 km. róður:

1. sæti	Anna Lyck Filbert,	UMSK
---------	--------------------	------

Eimskipsmótið



Opinn flokkur	Félag	Keppni 1	Keppni 2	Keppni 3	Keppni 4	Keppni 5	Keppni 6	Stig	Sæti
	Nökkvi	2	1	1	1	1	1	4	1
	Nökkvi	6	2	3	5	DNS	DNS	16	5
	Nökkvi	1	4	2	3	2	2	7	2
	Nökkvi	4	3	4	7	5	3	14	3
	Nökkvi	5	7	DNF	4	3	DNF	19	7
	Nökkvi	DNF	8	7	DNS	DNS	DNS	33	8
	Ýmir	3	6	6	6	4	DNS	19	6
	Nökkvi	7	5	5	2	6	4	16	4

Optimist	Félag	Keppni 1	Keppni 2	Keppni 3	Keppni 4	Keppni 5	Keppni 6	Stig	Sæti
	Ýmir	2	2	2	2	DNF	DNS	8	2
	Nökkvi	1	1	1	1	1	1	4	1
	Nökkvi	3	3	3	2	2	2	9	3
	Ýmir	DNF	DNS	DNS	DNS	DNS	DNS	20	4

Íslandsmeistaramót kæna 2007



Optimist A	Klúbbur	Keppni 1	Keppni 2	Keppni 3	Keppni 4	Keppni 5	Keppni 6	Keppni 7	Keppni 8	Stig	Sæti
Porlákur Sigurðsson	Nökkvi	5	3	1	1	1	1	1	1	6	1
Birta Ólafsdóttir	Nökkvi	6	1	2	2	3	2	2	2	11	2
Sigurður Sigurðsson	Nökkvi	4	2	4	7	2	3	4	4	19	3
Aron Steinn Guðmundsson	Ýmir	1	4	5	3	4	4	5	7	21	4
Kristján Daði Ingþórsson	Pytur	2	6	8	5	6	8	7	5	31	5
Ágúst Karlson	Nökkvi	8	5	3	6	5	6	6	6	31	6
Garðar Gunnarsson	Nökkvi	7	7	7	8	8	5	3	3	32	7
Ívar Hollander	Nökkvi	3	8	6	4	7	7	8	8	35	8

Optimist B	Klúbbur	Keppni 1	Keppni 2	Keppni 3	Keppni 4	Keppni 5	Keppni 6	Keppni 7	Keppni 8	Stig	Sæti
Gunnar Úlfarsson	Nökkvi	1	1	1	1	2	1	1	1	6	1
Hilmar Hannesson	Brokey	9	2	5	6	1	2	3	5	18	2
Hinrik Guðmundsson	Ýmir	2	3	6	13	3	3	10	7	24	3
Berglind Möller	Brokey	14	13	9	3	4	8	2	4	30	4
Hulda Hannesdóttir	Brokey	11	4	10	2	7	13	5	3	31	5
Hans Adolf Linnet	Pytur	15	5	2	5	5	14	12	16	43	6
Oddur Viðar Malmquist	Nökkvi	7	10	4	7	10	10	4	13	45	7
Sindri Hannesson	Pytur	5	11	8	12	11	6	6	11	47	8
Marteinn Möller	Brokey	3	6	7	11	13	12	16	8	47	9
Ísak Tómasson	Nökkvi	6	7	3	15	15	17	9	9	49	10
Arnbjörn Þorsteinsson	Pytur	10	15	14	8	9	4	8	12	51	11
Tanja Möller Pétursdóttir	Nökkvi	8	9	13	10	16	7	11	6	51	12
Sunneva Blomsterberg	Brokey	17	14	15	4	8	5	13	10	54	13
Vera Blomsterberg	Brokey	13	6	12	9	6	9	15	15	55	14
Halldór Sanchez	Nökkvi	12	12	11	17	14	16	7	2	58	15
Valgeir Hugi Halldórsson	Nökkvi	4	8	17	16	17	11	dns 18	17	73	16
Lilja Gísladóttir	Nökkvi	16	18	16	14	12	15	14	14	85	17
Hólmfríður Ásbjarnardóttir	Nökkvi	18	17	dnf 19	18	dns 19	dns 19	dns 18	dns 19	109	18

Laser 4,7	Klúbbur	Keppni 1	Keppni 2	Keppni 3	Keppni 4	Keppni 5	Keppni 6	Keppni 7	Keppni 8	Stig	Sæti
Dagur Danielsson	Nökkvi	1	1	1	1	1	1	2	6	1	
Andri Rafn Helgason	Pytur	4	2	2	2	2	3	4	1	12	2
Veigar Jónsson	Nökkvi	3	3	3	3	4	4	2	3	20	3
Helgi Ólafsson	Ýmir	2	4	4	5	3	5	3	4	20	4
Hjalti Ísleifsson	Nökkvi	5	5	5	4	5	2	5	5	26	5
Hermann Karl Björnsson	Pytur	6	6	6	6	6	6	6	6	36	6

Laser Radial	Klúbbur	Keppni 1	Keppni 2	Keppni 3	Keppni 4	Keppni 5	Keppni 6	Keppni 7	Keppni 8	Stig	Sæti
Valgeir Torfason	Nökkvi	3	1	2	1	1	2	1	1	7	1
Bergþór Jónsson	Nökkvi	4	2	1	2	2	3	2	5	12	2
Bjarki Ólafsson	Nökkvi	1	3	3	3	3	1	3	3	14	3
Björn Heiðar Rúnarsson	Nökkvi	2	4	5	4	4	4	4	2	18	4
Gauti Elfar Arnarson	Nökkvi	5	5	4	5	5	5	6	6	29	5
Jón Danielsson	Pytur	6	6	6	6	6	6	5	4	33	6

Laser Standard	Klúbbur	Keppni 1	Keppni 2	Keppni 3	Keppni 4	Keppni 5	Keppni 6	Keppni 7	Keppni 8	Stig	Sæti
Arnar Birkisson	Nökkvi	1	1	1	1	1	1	1	1	6	1

Opnunarmót kjölbáta 2007

Sæti	Bátur	Skipstjóri	Félag	Forgjöf	Sigldur tími	Leiðréttur tími	Stig
1	Ísold	ISL 2343 Grétar Finnbogason	Brokey	0.879	2:10:20	1:54:34	60
2	Perna	ISL 9834 Tryggvi Steinn Helgason	Pytur	0.956	1:59:56	1:54:39	50
3	Lilja	Arnar Freyr Jónsson	Brokey	0.988	2:04:18	2:02:49	40
4	Aría	ISL 2665 Birgir Ari Hilmarsson	Ymir	1.023	2:04:23	2:07:15	30
5	Dögun	ISL 1782 Maggi Ara	Brokey	0.840	2:37:46	2:12:31	20
6-7	Aquarius	ISL 2667 Björn Jörundur	Brokey	1.001	DNF		10
6-7	Skegla	ISL 9835 Markús Elvar Pétursson	Pytur	0,956	DNS		



Þjóðhátíðarmót 2007

Sæti	Bátur	Skipstjóri	Félag	Forgjöf	Sigldur	Leiðréttur
1	Perna	ISL 9834 Tryggvi Steinn Helgason	Pytur	0.956	1:06:11	1:03:16
2	Lilja	Arnar Freyr Jónsson	Brokey	0.988	1:05:14	1:04:27
3	Ögrun	Niels Chr. Nielsen	Brokey	1,010	1:06:06	1:06:46
4	Aría	ISL 2665 Birgir Ari Hilmarsson	Ymir	1,023	1:07:22	1:08:55
5	Besta	ISL 2598 Baldvin Björgvinsson	Brokey	1,001	DNF	Redress
6-7	Aquarius	ISL 2667 Björn Jörundur	Brokey	0.879	DNF	
6-7	Sæperla	Tómas Jónsson		1,055	DNF	



Faxaflóamót 2007

Sæti	Bátur	Seglan.	Skipstjóri	Félag	Forgjöf	Sigldur t.	Leiðréttur t.
1	Aquarius	ISL 2667	Björn Jörundur	Brokey	1.001	1:49:31	1:49:38
2	Besta	ISL 2598	Baldvin Björgvinsson	Brokey	1.055	1:46:25	1:52:16
3	Ísmolinn	ISL 2639	Gunnar Geir Halldórsson	Pytur	1.042	1:49:02	1:53:37
4	Lilja	??	Arnar Freyr Jónsson	Brokey	0.988	1:55:50	1:54:27
5	Pernan	ISL 9834	Tryggvi Steinn Helgason	Pytur	0.956	1:59:51	1:54:35
6	Dögun	ISL 1782	Magnús Arason	Brokey	0.84	2:16:51	1:54:57



Úrslit Akranes-Reykjavík

Sæti	Bátur	Seglan.	Skipstjóri	Félag	Forgjöf	Sigldur t.	Leiðréttur t.
1	Aquarius	ISL 2667	Björn Jörundur	Brokey	1.001	1:49:31	1:49:38
2	Besta	ISL 2598	Baldvin Björgvinsson	Brokey	1.055	1:46:25	1:52:16
3	Ísmolinn	ISL 2639	Gunnar Geir Halldórsson	Pytur	1.042	1:49:02	1:53:37
4	Lilja	??	Arnar Freyr Jónsson	Brokey	0.988	1:55:50	1:54:27
5	Pernan	ISL 9834	Tryggvi Steinn Helgason	Pytur	0.956	1:59:51	1:54:35
6	Dögun	ISL 1782	Magnús Arason	Brokey	0.84	2:16:51	1:54:57

Úrslit Faxi

	Sprettur	Akr-Rvk	Samtals	Sæti	Stig
Aquarius	1	5	6	1	60
Lilja	4	2	6	2	50
Besta	2	4	6	3	40
Ísmolinn	3	3	6	4	30
Dögun	6	1	7	5	20
Pernan	5	6	11	6	10

Hátíð hafsins 2007



Sæti	Bátur	Skipstjóri	Félag	Forgjöf	Sigldur t.	Leiðréttur t.	Stig
1	Besta	ISL 2598	Baldvin Björgvinsson	Brokey	1.055	1:27:43	20
2	Dögun	ISL 1782	Magnús Arason	Brokey	0.84	1:29:28	15
3	Þerna	ISL 9834		Þytur	0.956	1:30:14	10
4	Lilja	??	Arnar Freyr Jónsson	Brokey	0.988	1:34:24	5

Sumarmót Ýmis



Sæti	Bátur	Seglan.	Skipstjóri	Félag	Forgj.	Sigldur t.	Leiðréttur t.	Stig
1	Dögun	ISL 1782	Magnús Arason	Brokey	0.840	4:33:00	3:49:19	25
2	Þerna	ISL 9834	Tryggvi Steinn Helgason	Þytur	0.956	4:02:03	3:51:24	20
3	Aquarius	ISL 2667	Björn Jörundur	Brokey	1.001	3:58:19	3:58:33	15
4	Lilja	??	Arnar Freyr Jónsson	Brokey	0.988	4:10:29	4:07:29	10
5	Aría	ISL 2665	Birgir Ari Hilmarsson	Ýmir	1.023	DNF		5

Íslandsmót kjölbáta



	1. umferð	2. umferð	3. umferð	4. umferð	5. umferð	Stig	Sæti
Besta	2	1	1	2	5	6	1
Sigyn	8	4	4	1	2	11	2
Þernan	5	2	6	3	3	13	3
Dögun	1	8	3	7	6	17	4
Sigurborg	7	6	5	5	1	17	5
Aquarius	4	3	2	8	9	17	6
Ísmolinn	3	9	8	6	4	21	7
Lilja	6	7	7	4	8	24	8
Aría	9	5	9	10	7	30	9
Ögrun	10	10	10	9	10	39	10

Íslandsbikarinn

	Opnunarm.	Hátíð hafs.	Faxi	Sumarm.	Íslandsm.	Lokamót	Stig	Sæti
Besta		20	40		200		260	1
Þerna	50	10	10	20	160		250	2
Dögun	20	15	20	25	140		220	3
Aquarius	10		60	15	100		185	4
Sigyn					180		180	5
Lilja	40	5	50	10	60		165	6
Sigurborg					120		120	7
Ísmolinn		30			80		110	8
Aría	30			5	40		75	9
Ísold	60						60	10
Ögrun					20		20	11

Priðj dagskeppnir 2007

	Bátur	Forgjöf	Tími	Sæti
15. maí	Ísold	0.789	01:12:28	1
	Lilja	0.988	01:15:25	2
	Besta	1.055	01:16:17	3
	Ögrun	1.010	01:19:53	4
	Día	0.815	01:21:31	5
	Aquarius	1.001	01:34:38	6
22. maí	Dögun	0.840	01:24:11	1
	Ísold	0.879	01:26:44	2
	Lilja	0.988	01:27:04	3
	Ögrun	1.010	01:27:41	4
	Aquarius	1.001	01:28:49	5
	Besta	1.055	01:30:59	6
	Día	0.815	01:39:12	7
	Músin		DNF	8
29. maí	Besta	1.055	01:29:56	1
	Aquarius	1.001	01:30:33	2
	Dögun	0.840	01:31:51	3
	Ögrun	1.010	01:38:54	4
	Lilja	0.988	01:42:14	5
	Día	0.801	02:02:13	6
5. júní	Dögun	0.840	00:43:44	1
	Ögrun	1.010	00:50:24	2
12. júní	Sigurborg	0.956	01:19:51	1
	Besta	1.055	01:19:58	2
	Lilja	0.988	01:20:59	3
	Dögun	0.840	01:22:04	4
	Ögrun	1.010	01:23:07	5
	Aquarius	1.001	01:23:39	6
	Dís	1.023	01:42:50	7
19. júní	Aquarius	1.001	02:00:10	1
	Besta	1.055	02:03:59	2
	Ögrun	1.010	02:09:32	3
	Lilja	0.988	02:12:25	4
	Aría	1.023	02:13:39	5
	Dís	1.023	02:21:45	6
26. júní	Lilja	0.988	01:22:12	1
	Aquarius	1.001	01:25:43	2
	Dís	1.023	01:30:26	3

	Bátur	Forgjöf	Tími	Sæti
3. júlí	Besta	1.055	01:13:06	1
	Aquarius	1.001	01:13:57	2
	Lilja	0.988	01:16:33	3
	Dögun	0.840	01:17:53	4
	Borgin	0.899	01:17:53	5
	Dís	1.023	01:21:42	6
	Aría	1.023	01:23:01	7
10. júlí	Aquarius	1.001	01:39:07	1
	Dögun	0.840	01:39:11	2
	Ögrun	1.010	01:41:54	3
	Dís	1.023	01:42:10	4
	Besta	1.055	01:44:32	5
	Aría	1.023	01:48:23	6
17. júlí	Dögun	0.840	01:25:05	1
	Lilja	0.988	01:28:01	2
	Aquarius	1.001	01:29:08	3
	Ögrun	1.010	01:29:22	4
	Sigurborg	0.956	01:33:11	5
	Dís	1.023	01:39:37	6
24. júlí	Besta	1.055	01:24:21	1
	Lilja	0.988	01:26:56	2
	Aquarius	1.001	01:28:46	3
	Dögun	0.840	01:30:00	4
	Dís	1.023	01:34:09	5
	Aría	1.023	01:44:45	6
	Sigurborg	0.956	DNF	7
31. júlí	Besta	1.055	01:24:21	1
	Sigyn	0.956	01:24:24	2
	Sigurborg	0.956	01:25:17	3
	Lilja	0.988	01:26:19	4
	Dögun	0.840	01:31:53	5
	Aquarius	1.001	01:33:26	6
	Aría	1.023	1:40:16	7
7. ágúst	Sygin	0.956	01:28:55	1
	Besta	1.055	01:29:52	2
	Sigurborg	0.956	01:29:56	3
	Dögun	0.840	01:30:02	4
	Lilja	0.989	01:30:39	5
	Aquarius	1.001	01:32:26	6
	Aría	1.023	1:36:26	7

	Bátur	Forgjöf	Tími	Sæti
14. ágúst	Besta	1.055	01:29:55	1
	Dögun	0.840	01:34:36	2
	Lilja	0.989	01:34:53	3
	Ísmolinn	1.042	01:35:10	4
	Ögrun	1.010	01:39:16	5
	Aquarius	1.001	DNF	6
21. ágúst	Besta	1.055	01:13:50	1
	Lilja	0.989	01:18:47	2
	Dís	1.023	01:26:17	3
28. ágúst	Lilja	0.989	01:17:50	1
	Besta	1.055	01:18:39	2
	Sigurborg	0.965	01:24:57	3
	Aquarius	1.001	DNF	4
11. sept.	Besta	1.056	01:45:56	1
	Lilja	0.989	01:46:30	2
	Sygin	0.956	01:47:10	3
	Ögrun	1.010	01:47:46	4
	Aría	1.023	01:51:27	5
	Dögun	0.840	01:52:11	6
	Aquarius	1.001	01:53:50	7
	Dís	1.023	02:00:20	8
	Sigurborg	0.956	02:00:57	9

SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS



Lög SÍL

Lög Siglingasambands Íslands SÍL

Samþykkt á 28. Siglingaþingi 3. mars 2001

Kaflí. Skipulag

1. grein

1.1 Siglingasamband Íslands, skammstafað SÍL, er æðsti aðili um öll mál siglinga- og róðraríþróttarinnar innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí).

2. grein

2.1 Siglingasamband Íslands er samband siglinga- og róðrarráða svo og héraðssambanda/íþróttabandalaga og eru öll þau félög innan ÍSí, er iðka, æfa og keppa í siglingum og róðri, aðilar að SÍL.

3. grein

3.1. Hlutverk SÍL er í meginatriðum:

- Að hafa yfirstjórn allra íslenskra siglinga- og róðraríþróttarinnar, vinna að stofnun sérráða og efla á annan hátt þessar íþróttagreinar í landinu.
- Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara, ráðstafa landsmótum og staðfesta met.
- Að vera fulltrúi siglinga- og róðraríþróttarinnar gagnvart útlöndum og sjá um að reglur varðandi þessar íþróttagreinar séu í samræmi við alþjóðareglur.

2. Kaflí. Stjórn SÍL

4. grein

4.1 Siglingasambandi Íslands er stjórnad af:

- Siglingaþingi.
- Stjórn SÍL.

4.2 Reikningsár SÍL er almanaksárið.

5. grein Siglingaþing

5.1 Siglingaþingið fer með æðsta vald í málefnum SÍL.

5.2 Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda SÍL.

5.3 Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra siglinga- og róðraríðkenda, þannig að fyrir allt að 25 íðkendur koma 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 25 eða brot úr 25, allt að 100 íðkendum, og þá 1 fulltrúi fyrir hverja 50 íðkendu þar fram yfir.

5.4 Þingið skal haldið í febrúar ár hvert. Skal þingið auglýst eða tilkynnt með 5 vikna fyrirvara og ítrekað síðar. Stjórn SÍL ákveður fundarstað.

5.5 Tillögur um lagabreytingar og málefni, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skal tilkynna stjórn SÍL bréflaga minnst 3 vikum fyrir þingið.

5.6 Eigi síðar en 2 vikum fyrir siglingaþing skal senda héraðssamböndum/íþróttabandalögum skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir siglingaþing.

5.7 Siglingaþing er lögmeitt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

6. grein

6.1. Á siglingaþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á

siglingaþingi með málfrelsi og tillögurétti hafa:

- stjórn SÍL
- heiðursformaður og heiðursfélagar
- framkvæmdastjórn ÍSí
- fastráðnir starfsmenn SÍL og ÍSí
- allir nefndarmenn SÍL
- íþróttfulltrúi ríkisins
- auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

6.2 Aðeins sá, sem er í félagi, sem iðkar siglingar eða róður innan sérráðs eða héraðssambands/íþróttabandalags er kjörgengur fulltrúi þess á siglingaþingið.

6.3 Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal kjörbréfum skilað inn til stjórnarinnar eigi síðar en 1 viku fyrir siglingaþing.

6.4 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað segi í lögum þessum um tiltekin mál eða málaflokka. Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en 3 atkvæði og þá eingöngu fyrirþann aðila sérráðs eða sambands/andalags, sem hann er fulltrúi fyrir á þinginu.

7. grein Dagskrá siglingaþings

7.1 1. Formaður setur þing.

2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.

3. Kjörinn þingforseti.

4. Kjörnir 1. og 2. þingritari.

5. Kosning þingnefnda:

a. Fjárhagsnefnd 3 manna.

b. Laga- og leikreglanefnd 3 manna.

c. Allsherjarnefnd 3 manna.

6. Lögð fram skýrsla stjórnar.

7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.

8. Umræður og samþykkt reikninga.

9. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

10. Lagabreytingatillögur.

11. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði.

12. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.

13. Þingnefndir starfa

14. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.

15. Tillögur fjárhagsnefndar

16. Kosningar:

a. Stjórn og varastjórn, sbr 10. gr.

b. 2 skoðunarmenn.

c. Fulltrúa á íþróttþing í samræmi við reglur ÍSí samkvæmt íðkenda fjölda síðastliðins starfsárs.

17. Þingslit.

7.2 Allar kosningar gilda fram að kosningu á næsta siglingaþingi. Þær skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal.

8. grein

8.1 Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa heimilað að tekið sé fyrir þingið mál, sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv. 5. grein 6. lið).

8.2 Ársskýrsla SÍL, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið, svo og ágríp af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSí

og sambandsaðilum SÍL, innan tveggja mánaða frá þingslitum.

9. grein

- 9.1 Aukabing skal kalla saman með a.m.k. 3 vikna fyrirvara;
 - a. eftir ákvörðun siglingaþings
 - b. þegar a.m.k. 1/2 sambandsaðila óskar þess.
- 9.2 Tillögur um málefni sem óskast tekin fyrir á aukabingi skulu hafa borist stjórn SÍL minnst 14 dögum fyrir þingsetningu.
- 9.3 Eigi síðar en 6 dögum fyrir aukabing skal senda aðilum dagskrá þingsins.
- 9.4 Á aukabingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin að eigin dómi hefur orðið óstarfhæf.
- 9.5 Að öðruleiti gilda sömu reglur og um reglulegt siglingaþing

10. Grein

- 10.1 Í stjórn SÍL eiga sæti :
 - a. 5 menn kosnir á siglingaþingi.Kosning fari þannig fram:
 1. Formaður
 - 4 meðstjórnendur.
 - 3 varamenn.
 4. Fáir fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti.
 - b. Stjórnin kýs varaformann, ritara og gjaldkera úr sínum hópi.
 - c. Varamenn taka sæti í stjórn í þeirri röð, sem atkvæðamagn segir til um. Verði varamenn sjálfkjörnir taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð, sem þeir voru tilnefndir.
 - d. Ef formaður fellur frá eða hættir á kjörtímabilinu tekur varaformaður sæti hans.
- 10.2. Stjórnin heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Formaður SÍL boðar stjórnarfund og stýrir þeim.
- 10.3. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk.
- 10.4. Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík.

11. grein Störf stjórnar SÍL

- Helstu störf stjórnar eru þessi:
- a. Að framkvæma ályktanir siglingaþings.
 - b. Að annast rekstur sambandsins.
 - c. Að vinna að eflingu siglinga- og róðrariþróttarinnar.
 - d. Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir siglinga- og róðrariþróttina.
 - e. Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
 - f. Að líta eftir því að lög og leikreglur SÍL séu haldnar.
 - g. Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
 - h. Að ráða niður og ákveða stað og tíma fyrir landsmót. Það skal SÍL að jafnaði gera fyrir hver áramót og þá í samráði við stjórnir sérráða (héraðsstjórnir) og framkvæmdastjórn ÍSÍ.
 - i. Að úthluta þeim styrkjum til siglinga og róðurs, sem SÍL fær til umráða.
 - j. Að koma fram erlendis fyrir hönd siglinga- og róðrariþróttarinnar.

12. grein

- 12.1 Siglinga- og róðrarsérráðin (héraðssamböndin) eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar SÍL. Þau skulu senda henni allar skýrslur um mót, sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánaðar eftir að viðkomandi móti lýkur.

- 12.2 Ársskýrslur sínar um störf sérráðsins (héraðssambandsins) og tölu virkra siglinga- og róðrariðkenda í umdæminu, skulu þau senda stjórn SÍL fyrir 15. júní ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á siglingaþinginu, sbr. gr. 5.3.
- 12.3 Í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd, skal SÍL vinna að stofnun nýrra sérráða.

13. grein

- 13.1 Stjórn SÍL hefur frjálstan aðgang að öllum siglinga- og róðrarmótum og sýningum sem fram fara innan vébanda SÍL. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.

3. Kafi. Ýmis ákvæði

14. grein Merki SÍL

- 14.1 Merki Siglingasambands Íslands : Hvítt stórsegl og ár á bláum grunni. SÍL í rauðum stöfum ofan á segl.

15. grein Heiðursformaður

- 15.1 Heiðursformann SÍL má kjósa á siglingaþingi, ef 4/5 mætttra þingfulltrúa samþykkja kjörið.
- 15.2 Heiðursformaður SÍL kemur fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela honum það.

16. grein Heiðursfélagar

- 16.1 Heiðursfélaga SÍL má kjósa á siglingaþingi.
- 16.2 Heiðursfélagar SÍL hafa rétt til setu á siglingaþingum með málfrelsi og tillögurétti.

17. grein Slit SÍL

- 17.1 Tillögur um að leggja SÍL niður má aðeins taka fyrir á lögmeðu siglingaþingi. Til þess að samþykkja slíka tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða.
- 17.2 Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulegs þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja SÍL niður.

18. grein Ráðstöfun eigna

- 18.1 Sé SÍL þannig löglega slitið, skal afhenda ÍSÍ eignir SÍL til varðveislu.

19. grein Lagabreytingar

- 19.1 Lögum þessum verður ekki breytt nema á siglingaþingi og þá aðeins með a.m.k. 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2001.

SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS



Reikningar 2007

Skoðunarmenn:

Fríðrik Hafberg
Kjartan Sigurgeirsson

Rekstrarreikningur**1. janúar til 31. desember 2007**

	2007	2006
Rekstrartekjur og gjöld		
Styrkir og rekstrartekjur		
ÍSí útbreiðslustyrkur	690,113	831,018
ÍSí Lottó	1,049,064	947,947
Styrkur frá stjórnvöldum	1,000,000	1,100,000
Styrkur frá Eimskip hf.	876,824	1,094,750
Framlög og styrkir alls	3,616,001	3,973,715
Tekjur af vörusölu		6,390,684
Tekjur v/mælinga á bátum	95,798	163,451
Tekjur af bóksölu	48,000	24,300
Greiðslur þátttak.á námsk./mótum	422,300	300,000
Innheimtur kostn.v/norræns fundar	313,268	
Rekstrartekjur alls	879,366	6,878,435
Styrkir og rekstrartekjur alls	4,495,367	10,852,150
Rekstrargjöld		
Húsaleiga og skrifstofukostnaður 1)	366,434	384,168
Fundir erlendis ISAF o.fl.	178,563	214,135
Árgjöld / félagsgjöld	49,110	70,674
Kostnaður vegna vörusölu		6,387,266
Kostnaður v/mælinga á bátum	82,582	169,343
Æfingabúðir erlendis	590,000	1,015,734
Smáþjóðaleikarnir	585,487	
Þátttaka í námskeiði í Hrísey	210,000	256,035
Þátttaka á Íslandsmótum	187,602	334,645
Flutningur á bátum	884,434	
Kynning og útbreiðsla	287,392	1,266,816
Ungmennaskipti		66,964
Norrænn fundur á Íslandi	525,664	
Leitað að styrktaraðilum tvíliða keppni	168,950	
Gjafir / styrkir 2)	301,710	
Afskrift	1,957	
Rekstrargjöld alls	4,419,885	10,165,780
Rekstrartekjur umfram gjöld	75,482	686,370
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	197,688	25,054
Vaxtagjöld	9,411	7,872
Fjármagnsliðir alls	188,277	17,182
Rekstrarafgangur ársins	263,759	703,552

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

		2007	2006
Eignir			
	Kröfur á viðskiptamenn 3)	1,186,177	1,647,495
	ÍSí viðskiptareikningur	346,426	79,258
	Bankareikningar	1,962,986	1,394,288
	Vörubirgðir	161,569	161,569
Eignir alls		3,657,158	3,282,610
Skuldir og eigið fé			
	Ógreiddur kostnaður og skammtíma skuldir	419,106	308,317
	Eigið fé		
	Þjálfunarsjóður	390,000	390,000
	Útbreiðslusjóður	1,250,000	1,250,000
	Höfuðstóll 1. janúar 2007 1.334.293		
	+ Rekstrarafgangur ársins 263.759	1,598,052	1,334,293
	Eigiðfé alls	3,238,052	2,974,293
Skuldir og eigiðfé alls		3,657,158	3,282,610

Áritun skoðunnarmanna:

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn reikninga SÍL fyrir árið 2007 höfum yfirfarið reikningana og borið saman við fylgiskjöl og bókhaldsfærslur og höfum engar athugasemdir þar við

Reykjavík 5. mars. 2008

Friðrik Hafberg
(sign)

Kjartan Sigurgeirsson
(sign)

Sundurliðun á ársreikningi 2007

1	Húsaleiga og skrifstofukostnaður	366,434
	Húsaleiga	232,392
	Ljósritun, póstkostnaður og lén	43,617
	Kaffitería	71,000
	Ferðakostnaður v/stjórnafunda	19,425
2	Gjafir / Styrkir	301,710
	Flutningskostnaður Brokey	168,860
	Erfidrykkja	123,250
	Gjafir norrænn fundur	9,600
3	Kröfur á viðskiptamenn	1,186,177
	Sæfari Ísafirði	728,076
	Þytur Hafnafirði	38,560
	Finnish Sailing federation	104,156
	Norges Seilforbund	79,331
	Sænskasiglingasambandið	54,526
	Ýmir Kópavogi	154,528
	Statik ehf. Hlégerði 16, Kópavogi	27,000